



Fundur nr. 1

Árnesi 10.09.2018

Fundargerð

01. fundar í Umhverfisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2018-2022. 10.09.2018 kl. 20:00.

Staður: Árnes, fundarherbergi.

Mætt til fundar : Jónas Yngvi Ásgrímsson, Matthías Bjarnason og Hrönn Jónsdóttir varamaður er mætti i forföllum Sigprúðar Jónsdóttur. Auk þess Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri og ritaði hann fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skipunarbréf og hlutverk nefndarinnar. Umræður urðu um skipunarbréf nefndarinnar sem hefur verið í gildi frá 2014.

Sigprúður Jónsdóttir sendi fundarmönnum tillögur að breytingum á skipunarbréfinu. Lagðar voru fram minniháttar breytingar á skipunarbréfinu, einkum á greinum 3,10 og 14, voru þær samþykktar samhljóða. Skipunarbréf : Sjá fylgiskjal nr. 1. Vísað til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

Samþykkt að Matthías Bjarnason verði varaformaður nefndarinnar og Sigprúður Jónsdóttir verði ritari.



2. Sorpmál. Sveitarstjóri greindi frá viðhorfskönnun meðal íbúa um sorpmál. Unnið verður úr niðurstöðum innan skamms. Talsverð umræða varð um flokkun á sorpi.

3. Önnur mál.

Á fundi sveitarstjórnar nr.3 þann 8. ágúst 2018, var eftirfarandi bókað :
„Rætt var um ágengar framandi gróðurtegundir. Sveitarstjórn samþykkir að kanna leiðir til að hefta útbreiðslu gróðurs af því tagi og felur umhverfisnefnd að gera tillögur þar um“ Umhverfisnefnd samþykkir að óska eftir úttekt sérfróðra aðila um hvaða gróðurtegundir séu í raun ágengar á svæðinu, útbreiðslu þeirra og fyrirsjáanlegra vandamála vegna þeirra. Formanni falið að fylgja málinu eftir.
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundir slitið kl 22: 10.

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Matthías Bjarnason

Hrönn Jónsdóttir